

Ár 2003, fimmtudaginn 25. september, var í Áfrýjunardómstóli HSÍ uppkveðinn dómur í málinu nr. 1/2003:

Handknattleiksdeild Víkings
gegn
handknattleiksdeild Fram

Málið dæma Helgi I. Jónsson, Gunnar Jónsson og Þorgeir Ingi Njálsson.

Áfrýjað er dómi Dómstóls Handknattleikssambands Íslands uppkveðnum 10. þessa mánaðar.

Áfrýjandi krefst þess aðallega að hinum áfrýjaða dómi verði hnekkt og að staðfest verði ákvörðun HSÍ um að hafna beiðni um útgáfu leikheimildar til Fram til handa Arnþóri Eymar Krüger og jafnframt að hafnað verði staðfestingu á félagsskiptum hans úr Víkingi yfir í Fram.

Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Málið var dómtekið 22. þess mánaðar að afloknum munnlegum málflutningi.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi gerðu áfrýjandi og Arnþór Eymar Krüger með sér svonefndan A-leikmannasamning HSÍ 21. ágúst 2002 til tveggja ára. Sama dag var undirritaður viðaukasamningur milli aðila sem skyldi gilda til sama tíma. Samkvæmt 3. gr. síðarnefnda samningsins skuldbatt Arnþór Eymar sig til að leika handknattleik með meistaraflokki Víkings í tvö ár frá ágúst 2002 til júní 2004. Í niðurlagi sömu greinar samningsins kemur fram að hann sé „laus til endurskoðunar á hálfu beggja aðila í maí 2003.“ Með vísan til þess ákvæðis sagði leikmaðurinn samningnum upp með bréfi 16. maí síðastliðinn. Ágreiningslaust er með aðilum að engar viðræður fóru fram milli þeirra um breytt samningskjör áður en kom til uppsagnarinnar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er fallist á að mál þetta eigi undir dómstóla HSÍ. Þá er á sama hátt fallist á með dómnum að umræddur viðaukasamningur sé hluti hluti A-leikmannasamnings HSÍ og að öðrum samningnum verði ekki sagt upp án þess að það hafi áhrif á gildi hins.

Fyrir liggur að viðaukasamningurinn er saminn af áfrýjanda. Með hliðsjón af aðstöðumun aðila er rétt að skýra vafa um efnislegt inntak samningsins leikmanninum í hag.

Eftir orðanna hljóðan verður niðurlagsákvæði 3. gr. samningsins ekki skýrt á þann veg að það heimili fyrirvaralausla uppsögn hans. Sé hins vegar við það miðað að ákvæðið feli það eitt í sér að samningsaðilum sé hvorum um sig heimilt að leita eftir endurskoðun á honum, en synjun gagnaðila breyti í engu réttarstöðu þess sem endurskoðunar óskar, má ljóst vera að um óþarft ákvæði er að ræða. Þykir í ljósi þessa og að teknu tilliti til þeirrar túlkunarreglu sem að framan er getið rétt að leggja þann

skilning í ákvæðið að það feli í sér heimild til uppsagnar á samningnum innan áður nefndra tímamarka hafi ósk um endurskoðun á honum ekki náð fram að ganga. Þrengir sú niðurstaða ekki svo að rétti leikmannsins að samrýmist eigi framangreindum lögskýringarsjónarmiðum sem beitt verður við túlkun á samningnum. Þetta skilyrði fyrir einhliða uppsögn var ekki uppfyllt þar sem ekki fór fram endurskoðun á samningnum enda var hennar ekki krafist. Er uppsögnin því ólögmæt. Af því leiðir að taka ber kröfu áfrýjanda til greina.

Dómsorð:

Félagaskipti Arnþórs Eymars Krüger úr Víkingi í Fram eru ógilt.